



GUÐBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR SKRIFAR UM MYNDLIST

Það hefur eflaust vakið athygli margra, að í íslensku deildinni á Norrænu textilsýningunni á Kjarvalsstöðum sýna fimm ungar vefkonur við hlið Asgerðar Búadóttur sem fyrir löngu er orðin þekkt fyrir teppin sín. Þessi nýja kynslóð vefara er fædd á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina og hefur verið að koma undir sig fótum í veflistinni á undanförunum árum. Ein úr hópi hinna ungu vefkvenna er Þorbjörg Þórðardóttir, fædd í Reykjavík árið 1949. Þorbjörg stundaði nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands á árunum 1968-72 og hélt síðan til framhaldsnáms við Konstfack-skólann í Stokkhólm á árunum 1972-74. Þorbjörg starfar nú sem kennari við textildeild Myndlista- og handiðaskólans.

Námsár

G.K.: Þegar þú innritaðist í Myndlista- og handiðaskólann varstu þá þegar ákveðin í að sérhæfa þig í textíl?

P.Þ.: Já, en sú ákvörðun mín átti sér nokkurn aðdraganda. Þegar ég var 17 ára fór ég á lýðskóla í Svíþjóð, þar sem ég átti þess kost að læra að vefa og þar vaknaði áhugi minn á vefnaði fyrir alvöru. Eftir þennan vetur í Svíþjóð hóf ég svo nám í Myndlista- og handiðaskólanum með það í huga að taka fyrir vefnað. Í fyrstu hafði ég allmikinn áhuga á almennum vefnaði en sá áhugi minnkaði þegar á námið leið og ég ákvað að leggja eingöngu stund á myndvefnað. Þegar ég hafði lokið hinum almenna forskóla, vildi svo heppilega til að textildeildin var stofnuð við skólann og hóf ég nám í henni um haustið. Fyrstu kynni mín af vefþrykkinu voru í textildeildinni. Okkur voru kennd viss undirstöðu atriði í vefþrykki en mér fannst þessi menntun ekki fullnægjandi og var því staðráðin í að fara utan í framhaldsnám.

G.K.: Nú eru nemendur í lista-skólum oft ákaflega næmir fyrir því sem er að gerast í listalífni í kringum þá. Hvað er þér minnstæðast úr myndlistalífni frá skólaárunum?

P.Þ.: Ég veit ekki hvað skal segja. Flestir máluðu abstrakt en þó voru sumir farnir að vinna figúratífar myndir og dálítið bar á poppi.

G.K.: En á þínu sérsviði?

P.Þ.: Ég man ekki eftir nema einum eða tveimur vefsýningum og við sáum ekkert tauprykk nema það sem við höfðum gert sjálfar.

G.K.: Þegar þú hefur lokið prófi frá Myndlista og handiðaskólanum sendir þú verk til Konstfackskólans í Stokkhólm og færð inngöngu um haustið. Voru ekki viðbrögð að koma til Svíþjóðar?

P.Þ.: Jú, það voru mikil viðbrögð, ég komst í miklu nánari snertingu við vefjarlist. Það var alltaf eitthvað um að vera og miklu meira að sjá af sýningum. Hvaða áhrifum frá einstökum listamönnum viðvikur, þá hefur listakonan Maria Adlercreutz haft mest áhrif á mig í myndvefnaði. Hún er orðin tölvvert þekkt einkum fyrir myndir sínar um Vietnam, sem hún hefur beint eftir fréttamyndum. Myndirnar velur hún vegna þess að henni finnst að þær megi ekki gleymast og því festir hún þær í vefinn.

G.K.: Þú leggur stund á myndvefnað og tauprykk í Konstfack-skólanum?

P.Þ.: Já, nám mitt skiptist jafnt á milli myndvefnaðar og vefþrykks auk annarra námsgreina. En ég lagði sérstaka áherslu á að kynna mér vefþrykkið og tileinka mér sem mesta tæknikunnáttu á því sviði.

Vefþrykk

G.K.: Nú eru eflaust margir sem

Garn, tuskur og skapalón...

Trönur í skýjum.



Þorbjörg Þórðardóttir og nemendur í textildeild Myndlista- og handiðaskóla Íslands.

Viðtal við Þorbjörgu Þórðardóttur

ekki vita nákvæmlega hvað vefþrykk er.

P.Þ.: Vefþrykk er ævafor listgrein. Talið er, að það hafi verið stundað á Índlandi þegar um 3000 árum f. Kr. En fyrstu evrópsku vefþrykkirnar urðu til á Ítalíu og í Þýskalandi á 12. öld og var þá skorið í tréstock. Síðan þróaðist þetta á næstu öldum og fyrsti vísirinn að vefspennnum trérommum eins og notaðir eru í dag varð til á 17. öld. Það var japanskur prestur sem fann upp á því að líma lausa munsturhluta á fint net úr hárum. Síðan voru gerðar ýmsar endurbætur á þrykkáttinni og í byrjun aldarinnar var svo endanlega fundin upp sú tækni, sem notuð er í dag.

G.K.: Þrátt fyrir að vefþrykk hafi þegar öðlast fastan sess í nágrannalöndum okkar, t.d. í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi er það næstum óþekkt á Íslandi. Hvernig er vefþrykkið unnið?

P.Þ.: Fyrst er munstrið unnið í skapalón og það síðan yfirfært á vef sem strekkur er á tréramma. Þrykkliturinn er síðan dreginn yfir vefinn, þannig að liturinn þrýstist gegnum opna hluta skapalónsins og niður á tauði. Algengast er að þrykkja á bómullarefni og notaðir eru sér-

stakir taulitir, sem eru þvott- og ljósektar.

G.K.: Nú sé ég að flest munstrin þín eru unnin úr formum náttúrunnar, þú hefur t.d. gert mörg blóma- og fuglamunstur. Ertu lengi að búa til munstrin?

P.Þ.: Það er mjög misjafnt, en þú segir réttilega að flest munstrin séu unnin úr dýra og jurtaríkjunu. Náttúran höfðar mikið til mín og ég byrjaði snemma að vinna munstur út frá henni. Ég hugsa mér þessi munstur aðallega fyrir gluggatjöld og sängurfatnað. En það er ekki síður algengt að þrykkja geometrisk munstur, þó að ég hafi sjálf unnið fá slík munstur. Erlendis tókast jafnvel og þrykkja heilar myndir á tau. Þá er tauprykkið orðið að hreinni myndlist, svipað grafík nema hvað tauði kemur í stað pappírsins. Í fyrstu var lítill skilningur á þessum vefþrykksmyndum, ekki ólíkt og átti sér stað með grafíkina hér. En nú hefur orðið breyting á þessu og vefþrykksmyndirnar eiga vaxandi vinsældum að fagna.

Myndvefnaður

G.K.: Hvernig er að vinna samtímis og myndvefnaði og vefþrykki?

P.Þ.: Það á vel við mig. Þetta eru í rauninni mjög ólíkar greinar. Öll vinna í kringum vefinn er miklu rólegri. Það eru meiri hlaup í sambandi við þrykkið.

G.K.: Ég þykist vita að verk þitt, Lífsmunstur konunnar, sem er á sýningunni á Kjarvalsstöðum hafi vakið nokkra athygli. Hvað kanntu að segja okkur um það verk?

P.Þ.: Þegar ég vef lífsmunstur konunnar á sér stað mikil umræða um stöðu konunnar í þjóðfélaginu. Kvænnaárið er framundan og auðvitað verðum við alltaf fyrir áhrifum frá því umhverfi sem við lifum í. Þessi dæmi sem sýnd eru í myndinni sjáum við alls staðar en við megum heldur ekki gleyma að karlmaðurinn er líka kúgaður. Ennfremur má svo segja að þetta efni, garnið, hafi verið bundið konunni í aldaðir og mér finnst fara vel á því að túlka hana í það.

G.K.: En þegar þú sjálf velur þér garnið til að tjá þig með?

P.Þ.: Maður er búinn að lifa með garni og tuskum alveg frá barnæsku. Þetta er nærtækt efni, sem allir þekkja, það er hlýtt og áþreifanlegt. Annars vel ég þetta efni alveg eins og málariinn velur ollulitina eða leirkerasmiðurinn leirinn.

G.K.: Lífmunstur konunnar er nokkuð áleitinn mynd, hefurðu hugsað þér að vinna áfram í þessum anda?

P.Þ.: Það er dálítið erfitt að segja til um það, en ég vona að ég haldi mig við samtímann.

Starfsaðstaða

G.K.: Hvernig var að koma heim og fara að starfa sjálfstætt eftir dvölina í Svíþjóð?

P.Þ.: Aður en við förum að tala um aðstæður hér heima, langar mig til að lýsa í fáeinum orðum, hvernig samskipti textillistamenn, sem lengi höfðu átt erfitt uppdráttar vegna einangrunar og slæmrar vinnuáðstöðu, brugðust við vandanum með því að koma á fót sameiginlegu verkstæði ásamt

öðrum myndlistarmönnum. Markmiðið með verkstæðinu var að búa listamönnum betri aðstöðu, og þá einkum í sambandi við stærri verk. Sænska ríkið veitti styrk til vélakaupa og Stokkhólm borg tók að sér rekstur húsnæðisins fram til ársins 1978. Listamenn í hinum ýmsu listgreinum, t.d. skulptúr, keramik og textíl, geta fengið inni á þessu sameiginlega verkstæði. Félagsmenn borga fast ársgjald og síðan ákveðið á tímum meðan þeir nota verkstæðið. Það er mjög kostnaðarsamt að koma sér upp vinnustofu en með tilkomu verkstæðisins geta til að mynda nýtskrifaðir nemendur fengið þar inni og þurfa því ekki að gera hlé á vinnu sinni þegar námi lýkur. Í tengslum við verkstæðið eru svo galleri þar sem menn geta jafnóðum komið verkum sínum á framfæri. Hjá textillistamönnum hefur þetta fyrirkomulag gefist mjög vel og árangurinn ekki látið á sér standa. Það er mjög mikil gróska í vefþrykki í Svíþjóð um þessar mundir og það má meðal annars þakka þessu verkstæði. Textillistamenn í Svíþjóð eru bjartsýnir á framtíðina og mér finnst að við hér heima getum lært heimikið af þessu.

G.K.: En vikið að aðstöðunni hjá ykkur?

P.Þ.: Hún er auðvitað gjöróll. Við höfum verið mjög einangruð en með tilkomu Félags textilhönnuða, sem stofnað var í ársbyrjun 1974 stendur þetta til bóta. Félagið er hagsmunafélag en jafnframt er ætlunin að halda samsýningar á verkum félagsmanna.

G.K.: Hver eru helstu verkefni textilhönnuða?

P.Þ.: Textilhönnun er ung starfsgrein á Íslandi. Nú eru a.m.k. tveir textilhönnuðir starfandi í iðnaðinum en flestir vinna annað hvort við kennslu eða sjálfstætt. Við textilhönnuðir bindum miklar vonir við að vinna í samráði við arkitekta að gerð áklæða og gluggatjalda, þrykktra eða ofinna. Í nágrannalöndum okkar hefur tekist gott samstarf með þessum stéttum og þar fá textilhönnuðir pantanir frá opinberum áðilum og verkefni við skreytingu nýrra bygginga.

G.K.: Nú þegar þú hefur sjálf nýlengið við að koma þér upp verkstæði og getur hafist handa við að þrykkja af fullum krafti, hvaða verkefni eru fram undan?

P.Þ.: Til að byrja með ætla ég að halda áfram á svipaðan hátt og hingað til, teikna munstur og þrykkja í metratölu.

G.K.: Hvernig ætlarðu og koma vefþrykkinu á framfæri?

P.Þ.: Við erum tveir textilhönnuðir, félagar í hinu nýstofnaða Galleri Sólón Íslandus í Adalstræti. Ætlunin er að hafa bæði vefþrykk og keramik til sýnis og sölu í galleriinu ásamt myndlistarverkum svo sem málverkum, grafík og myndvefnaði, en það er nýjung héraðs að blanda saman listiðnaði og myndlist. Við bindum miklar vonir við gallerið sem eins konar tengilið milli okkar og almennings og jafnframt er mikill ávinningur fyrir okkur að fá tækifæri til að sýna verk okkar jafnóðum.

G.K.: Hvaða móttökur hefur tauprykkið fengið?

P.Þ.: Vefþrykkið er nýkomið á markaðinn og því hefur ekki fengist reynsla á þetta ennþá. En yfirleitt má segja, að fólk sé býsna sljótt fyrir handunum vörum. Ég finn greinilegan mun á afstöðu fólks hér heima og í Svíþjóð, þar sem menn eru yfirleitt hrifnir af öllu handunni og bera gjarnan lotningu fyrir handverki. Það fyrsta sem fólk athugar hér er verðið en gleymir alveg vinnunni sem að baki liggur. En ég er bjartsýn á að þetta sé að breytast og byggja þá skoðun mína á því, að ungt fólk hefur sýnt vefþrykkinu mikinn áhuga.

G.K.: Þótt aðstæður hér séu að ýmsu leyti erfiðar, er samt ekki spennandi að vinna vefþrykkinu sess á Íslandi?

P.Þ.: Jú, og því fylgja margir kostir. Þetta er óþægður akur hér. Við erum nú þegar fjórar - sem vinnum við vefþrykk að staðaldrí og alltaf bætast nýir í hópinn. Ég er mjög bjartsýn á að vefþrykkið nái vinsældum hér eins og annars staðar og fólk muni læra að meta það.

Guðbjörg Kristjánsdóttir.